

gegn uppboðinu, svo sem að skipið hafi verið undir viðgerð, er það var selt, og að veiðarfæri þess og fylgibátur hafi ekki verið seldur samtímis, geta ekki hnekt því, verður að staðfesta uppboðsúrskurðinn og uppboðsgerðina.

Málskostnaður kemur ekki til greina þar sem ekki var mætt í málinu af hendi stefnda.

Því dæmist rjett vera:

Uppboðsúrskurðinum og uppboðsgerðinni skal öraskað. — Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 16. maí 1928.

Nr. 90/1927.

H.f. Kakali (Fjeldsted)

gegn

Vald. Poulsen & Fossberg (Enginn).

Um sjóðveð.

Dómur sjórjettar Reykjavíkur 14. maí 1927: Stefnð stjórn h/fj. »Kakali«, þeir Carl Proppé, Ólafnr Proppé, og Jón Proppé, greiði fyrir fjelagsins hönd stefnandanum, firmanu Valdemar Poulsen og Fossberg, kr. 2582,65 með 6 % ársvöxtum frá 28. október 1926 til greiðsludags og kr. 220,00 í málskostnað og á stefnandi sjóðveðrjett í uppboðsandvirði b/v. I.S. 450 »Clementina«, sem nú er í vörslum bæjarfógetans í Hafnarfirði, fyrir framangreindum upphæðum.

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Þegar mál þetta kom fyrir hæstarjett í desembermánuði 1927 var mætt í því af hálfu firmans Vald. Poulsen & Fossberg, og var málinu þá samkvæmt ósk áfrýjanda og með samþykki umboðsmanns stefnda

frestað fyrst til febrúarmánaðar, og síðan til maímánaðar, en er málið þá var tekið fyrir mætti stefndi ekki, og hefir málið því verið rekið skriflega samkvæmt 1. lið 2. mgr. 38. gr. hæstarjettarlaganna, og er dæmt samkvæmt N. L. 1—4—32. og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi mótmælir því hjer fyrir rjettinum, eins og fyrir sjódóminum, að hið stefnda firma eigi sjóveðrjett í botnvörpuskipinu Clementina I.S. 450 (nú Barðinn R.E. 274) eða í uppboðsandvirði þess fyrir vöruúttekt¹ þeirri, er firmað hefir fengið dóm fyrir, að upphæð 2582 kr. 65 a. og krefst hann því breytingar á sjórjettardómnum að þessu leyti, en um breytingu á dómnum að öðru leyti hefir hann enga kröfu gjört.

Það sjest af skjölum málsins að b/v. Clementina, sem þá átti heima vestur á Þingeyri, kom hingað til Reykjavíkur snemma í ágústmánuði 1925 að fyrirlagi eigenda hennar til gagngerðrar breytingar og stóð viðgerðin yfir í 5 mánuði og kostaði samtals um 150000 kr. Skipið lá allan viðgerðartímann bundið við eina af bryggjum bæjarins og skipverjar, aðrir en skipstjóri, stýrimaður, vjelstjóri og 3 hásetar, er skyldu gæta skipsins og skipstjóri auk þess hafa eftirlit með viðgerðinni, höfðu verðið skráðir úr skiprúmi. Það er því ljóst eins og tekið er fram í sjórjettardóminum að hjer var ekki um úttekt að ræða til framhalds sjerstakrar »ferðar« skipsins í þeirri merkingu, sem átt er við í 53. gr. siglingalaganna, og þótt hjer væri að ræða um úttekt á þess háttar vörum, sem skipstjóra að jafnaði er heimilt að taka til viðhalds skipi sínu og framhaldsferðar, svo bindandi sje fyrir eigendur skipsins, mátti hinu stefnda firma vera það ljóst, meðal annars af því hvernig úttektinni var hátt-

að meðan á viðgerðinni stóð, þar sem úttektardagarnir frá 10. sept. til 3. desbr. voru um 40 og vörurnar alla úttektardagana fluttar af þess mönnum út í skipið, að það var eigi »á ferð«.

Hjer voru því eigi þau skilyrði fyrir hendi, að stefndi hafi öðlast sjóðveð í skipinu fyrir úttekt þeirri, sem fram fór hjá firmanu meðan á viðgerðinni stóð eða frá 10. sept. til 3. desbr., og um úttekt þá að upphæð 18 kr. 50 aur. er gjörð var 10. júlí 1925 er því haldð fram af áfrýjanda, að skipið hafi þá alls ekki verið statt hjer í bænum, og sje því hjer um almenna vöruúttekt að ræða af eiganda og útgerðarmanni þess, og hefir stefndi þá eigi heldur öðlast sjóðveð fyrir þessari úttekt.

Það verður því samkvæmt kröfu áfrýjanda að fella burtu ákvæði dómsins um sjóðveð stefnda í uppboðs andvirði Clementina, en að öðru leyti á dómnum að vera óraskað.

Samkvæmt þessum úrslitum og kröfu áfrýjanda verður að dæma stefnda til að greiða honum málskostnað fyrir hæstarjetti og þykir hann eftir atvikum hæfilega metinn 300 kr.

Því dæmist rjett vera:

Sjórjettardóminum skal óraskað að öðru leyti en því, að sjóðveð hins stefnda firma Vald. Poulsen & Fossberg í uppboðsandvirði b/v. Clementina I.S. 450 (nú Barðinn R.E. 274) fellur niður.

Stefndi greiði áfrýjanda, h/f. Kakala, 300 kr. málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað hjer fyrir sjórjettinum með stefnu útgefinni 28. október f. á. af firmanu Vald. Poulsen og Fossberg hjer í bænum gegn stjórn h/fj. »Kakali« á Þingeyri, þeim Carl Proppé, Ólafi Proppé og Jóni Proppé, stórkaupmönnum, öllum hjer í bænum, fyrir fjelagsins hönd, til greiðslu á skuld fyrir útteknar vörur til b/v. I.S. 450 »Clementina«, að upphæð kr. 2582,65 með 6 % árs-vöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi kr. 200,00. Ennfremur krefst stefnandi þess að viðurkendur verði sjóveðrjettur hans í tjeðu skipi b/v. »Clementina« fyrir framangreindum upphæðum samkvæmt 4. tölulið 236. gr. siglingalaganna nr. 56 frá 1914.

Stefndir hafa að vísu í frumvörn sinni haldið því fram að h/fj. »Kakali« hafi ekki verið eigandi skipsins »Clementina«, er umrædd skuld stofnaðist, eða mestur hluti hennar, heldur firmað »Bræðurnir« Proppé. En með því að þeir hafa alls ekki krafist sýknu í málinu af þeirri kröfu stefnanda, að þeir verði dæmdir fyrir hönd fjelagsins »Kakali« til þess að greiða skuldina og ekkert haft við kröfuupphæðina að athuga, þá ber að dæma þá til þess, að greiða hana með vöxtum og málskostnaði eins og krafist er og ekki hefir verið mótmælt sjerstaklega, þar sem ganga verður út frá því, að þetta fjelag, sem ekki er mótmælt að samanstandi af sömu mönnum og firmað »Bræðurnir« Proppé, hafi siðar tekið kröfuna að sjer er eigendskifti urðu að b/v. »Clementina«.

Umboðsmaður hinna stefndu í máli þessu, Lárus Fjeldsted hrm., sem einnig tjáir sig mæta fyrir hönd 1. veðrjettarhafa í b/v. »Clementina«, Hambros Bank Ltd. í London, og gæta rjettar hans, hefir hinsvegar ákveðið mótmælt því, að stefnandi eigi sjóveðrjett fyrir hinum umstefndu kröfum í b/v. »Clementina«, eða uppboðsandvirði þess skips, sem selt var nauðungarsölu í Hafnarfirði meðan á rekstri málsins stóð hjer fyrir rjettinum.

Mótmæli sin gegn viðurkenningu sjóveðrjettarins byggir umboðsmaður hinna stefndu á eftirtöldum ástæðum.

1. Að framkvæmdarstjórar firmans »Bræðurnir« Proppé, sem hafi verið eigandi b/v. »Clementina«, hafi verið skrásett hjer í bænum, að skrifstofa firmans hafi verið hjer. Verði því eigi talið að skipið hafi verið statt utan heimilis sins.

2. Að úttektin hafi farið fram eftir beiðni eða fyrirlagi útgerðarmanna skipsins, en ekki skipstjórans á því.

3. Að úttektin hafi ekki verið gerð til framhalds neinnar ákveðinnar ferðar, eins og ráð sje gert fyrir í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga, heldur hafi skipið legið hjer uppi til viðgerðar eftir ákvörðun eiganda þess, er úttektin fór fram, og sje hin umstefnda skuld einn liður í þeim kostnaði.

Ad. 1. Það er að visu upplýst í málinu, að firmað »Bræðurnir Proppé« hafði skrifstofu hjer í bænum og að minsta kosti sumir af forstjórum þess voru hjer búsettir, en hinsvegar er það og sannað að heimili firmans var á Þingeyri í Vestur-Ísafjarðarsýslu og að skipið »Clementína« var skrásett þar. Fór því úttekt sú, sem hjer er um að ræða, fram utan heimilis skipsins.

Ad. 2. Stefnandi hefir mótmælt því ákveðið, að vöruúttektin hafi farið fram að fyrirlagi eða eftir beiðni útgerðarmanna skipsins, heldur hafi það verið skipstjórinn eða vjelstjórinn með samþykki og vitund skipstjóra, sem samið hafi um hana og hefir skipstjórinn borið sem vitni hjer fyrir rjettinum að svo hafi verið. Hafa stefndir engar sönnur fært á það í málinu að útgerðarmenn skipsins hafi á annan hátt samið við stefnanda um úttektina.

Ad. 3. Af upplýsingum þe m, sem fyrir liggja í málinu, má sjá, að skipið »Clementína« kom hingað til Reykjavíkur sumarið 1925 að fyrirlagi eiganda þess, í þeim tilgangi að gagngerðar umbætur færu fram á því. Var skipinu lagt upp og stóð viðgerðin síðan í nokkra mánuði. Hafði skipstjórinn eftirlit með viðgerðinni, ákvað í hverju einstöku tilfelli hvað gera skyldi og eins og fyr segir pantaði hann vörur þær frá stefnanda, sem stefnt er fyrir í máli þessu og að mestu leyti ganga til viðgerðarinnar. Það er því ljóst að hjer var ekki um úttekt að ræða til framhalds sjerstakrar »ferðar« í þeirri merkingu sem átt er við í 53. gr. fyrnefndra siglingalaga, en þar sem sjá má af reikningi stefnda, að hjer var aðeins að ræða um úttekt á þess háttar vörum, sem skipstjóra að jafnaði er heimilt að taka út til viðhalds skipi sínu og framhaldsferðar, svo bindandi sje fyrir eigendur skipsins, og ekki er upplýst gegn mótmælum stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um að hjer væri um að ræða aðra eða meiri aðgerð en það, sem skipstjóri samkvæmt stöðu sinni hefði rjett á að láta framkvæma, þá verður að álita, að hann hafi haft fulla

ástæðu til að ætla, að hann öðlaðist sjóveðrjett í skipinu fyrir kröfu sinni.

Samkvæmt framansögðu verður sjórjetturinn að lita svo á, að öll skilyrði sjeu fyrir hendi fyrir því að viðurkendur verði sjóveðrjettur stefnanda í uppboðsandvirði b/v. »Clementina« fyrir hinum umstefndu kröfum samkvæmt 4. lið 236. gr. og 53. gr. sbr. 239. gr. siglingalaganna, og verður þá niðurstaða málsins sú hjer í rjetinum, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öllu leyti.

Miðvikudaginn 30. maí 1928.

Nr. 98/1927.

Jón Guðmundsson

gegn

Jóh. Eyfirðing & Co.

Dómur hæstarjettar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jón Guðmundsson, sem ekki mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til rikissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti. Svo greiði hann og stefnda, Jóh. Eyfirðing & Co., er látið hefir mæta í málinu, 40 kr. í ómaksbætur, að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. júní 1928.

Nr. 30/1928.

Valdstjórnin (Pjetur Magnússon)

gegn

Wilhelm Schütte (L. Jóhannesson).

Botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögreglurjettar Vestmannaeyja 20. febr. 1928: Kærði Wilhelm Schütte á innan mánaðar að greiða sekt til Landhelgisjóðs Íslands að upphæð kr. 12500,00. Auk